

Selfossi, 16.07.2014

FUNDARGERÐ
framkvæmda- og veitustjórnar ÁRBORGAR

1. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2014-2018, haldinn miðvikudaginn 16. júlí 2014 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 08:10.

Mætt:

Gunnar Egilsson, formaður, D-lista,
 Ragnheiður Guðmundsdóttir, nefndarmaður, D-lista,
 Ingvi Rafn Sigurðsson, nefndarmaður, D-lista,
 Viktor Pálsson, nefndarmaður, S-lista,
 Helgi Sigurður Haraldsson, nefndarmaður, B-listi,
 Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri,

Dagskrá:**Almenn afgreiðslumál****1. 1407062 - Gámasvæði Árborgar Víkurheiði 4 - opnunartímar 2014**

Stjórnin samþykkir að framkvæma talningu á fjölda gesta á gámasvæðið við Víkurheiði. Meirihluti stjórnar ákveður að opnunartíminn verður áfram óbreyttur, mánudaga-laugardaga 13:00-18:00. Lokað á sunnudögum. Fulltrúar B og S lista leggja til að opnunartími verði færður framár á laugardögum.

2. 1305237 - Fráveita Árborgar, skilgreining viðtaka og vöktunarplan

Minnisblað frá Mannvit varðandi vöktun gerlamagns og efnainnihalds fráveituvatns á Selfossi og í Ölfusá í júní 2014 lagt fram til kynningar.

3. 1311160 - Hreinsistöð fráveitu við Geitanesflúðir í Ölfusá

Framkvæmda- og veitustjóri upplýsti um stöðu mála. Beðið er eftir niðurstöðu úr deiliskipulagsvinnu.

4. 1405395 - Endurnýjun hitaveitu í Bankavegi og breytingar vegna nýrrar sundlaugar


Stjórnin samþykkir að fara í endurnýjun á hitaveitulögn samhliða öðrum framkvæmdum við Bankaveg. Við þessa framkvæmd verða til fleiri bílastæði við Sandvíkursetur og Sundhöll Selfoss.




5. 1407098 - Kosning varaformanns og ritara framkvæmda-og veitustjórnar
2014-2018


Stjórnin samþykkir að Ingvi Rafn Sigurðsson verði varaformaður
stjórnarinnar og að starfsmaður framkvæmdastjóra riti fundargerð.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 09:50


Gunnar Egilsson



Ingvi Rafn Sigurðsson


Helgi Sigurður Haraldsson


Ragnheiður

Guðmundsdóttir


Viktor Pálsson


Jón Tryggvi Guðmundsson